

## AUGLÝSING

### um nýja lyfjaverðskrá I.

Frá og með 1. marz n. k. gengur í gildi ný lyfjaverðskrá I, og fellur þá jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 1. september 1959, með áorðnum breytingum.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. febrúar 1963.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Eliás Eliasson.*

14. febrúar.

Nr. 36.

## SAMÞYKKT

**um breytingu á fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 15 18. febrúar 1958.**

1. gr.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vertíð.

2. gr.

2. grein orðist svo:

Frá 1. janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu seinna að degi en til kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 31. janúar má eigi fara til fiskjar með línu fyrr en kl. 3 f. h. og frá 1. febrúar til 28. febrúar kl. 2 f. h. og frá 1. marz til 15. apríl kl. 1 f. h., og skal farið eftir sólar- eða meðaltíma. Ofangreint er miðað við, að báðir dagar séu meðtaldir.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 16. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 að kveldi. Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. ágúst til áramóta, má ekki róa fyrr en hér segir:

Í ágúst kl. 24, í september kl. 1 f. h., í október kl. 2 f. h. og í nóvember og desember kl. 3 f. h.

Tímamerkið fyrir báta, sem róa austur fyrir Dyrhólaey, skal gefið á sama tíma og á heimamiðum, í gegnum Vestmannaeyjaradíó á hylgjulengd 2308 kílórið.

3. gr.

3. grein samþykktarinnar orðist svo:

Öllum bátum er heimilt að fara út á Vík eða inn fyrir Eiði. Sömuleiðis er þeim bátum, er róa ætla á miðin austan Dyrhólaeyjar, heimilt að fara austur að Dyrhólaey. Bátum þeim, sem róa austur í Meðallandsbugt er heimilt að fara austur að Alviðruhamravita og bíða róðrmerkis þar. Þeir, sem fara 30 sjómílu vestur fyrir Eyjar, taka tímamerkið 20 sjómílu frá Eyjum. En þar til róðrmerkið er gefið, skulu allir halda sér innan takmarka þeirra sem hér segir:

Þeir, sem eru á Víkinni, mega ekki fara utar en í línu, sem ákveðin er með þrem gulum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau ber saman.